

# Ársuppgjör 2024

SÝN

# Lykiltölur í rekstri árið 2024

| Tekjur | EBIT | Afkoma | Frjálst fjárflæði | Stöðugildi árslok |
|---|---|---|---|---|
| 21.647 m.kr. | 739 m.kr.[1] | -357 m.kr.[1] | 1.584 m.kr. | 422 |
| 2023 21.746 m.kr. | 2023 1.108 m.kr.[2] | 2023 -327 m.kr.[2] | 2023 1.002 m.kr. | 2023 árslok 466 |

*[1]Leiðrétt fyrir virðisrýrnun ársins og innifelur sölu- og rekstrarhagnað af aflagðri starfsemi*
*[2]Samanburðartölur leiðréttar fyrir söluhagnaði af stofnnetssölu (+2.436 m.kr.) á samanburðarári.*

# Helstu niðurstöður ársins og 4F

**Rekstartekjur 2024**
21.647 m.kr (-0,5% frá fyrra ári )

- Lækkun milli ára skýrist að mestu af óreglulegum tekjuliðum, eins og IoT og búnaðarsölu hjá Endor. Tekjur af IoT hafa dregist saman um 55% á árinu, sem samsvarar 576 m.kr.
- Endor hefur nú verið sameinað Sýn og er liður í að styrkja enn frekar lausnaframboð á fyrirtækjasviði.

**Góður taktur**

í fjarskiptum einstaklinga og fyrirtækja á fjórða ársfjórðungi 2024

- Farsímatekjur einstaklinga jukust um 10,2% á 4F og tekjur af heimatengingum um 12,4%
- Farsímatekjur fyrirtækja jukust um 10,4% á 4F og jókst fjöldi fyrirtækjatenginga um 7% milli ára.
- Það hafa aldrei verið fleiri farsímaáskriftir hjá fyrirtækinu en í lok árs 2024 og fjölgaði áskriftum um 5% milli ára.

# Helstu niðurstöður ársins og 4F

## Fjölmiðlatekjur ársins
+440 m.kr. frá fyrra ári

Auglýsingasala +10% frá fyrra ári
Áskriftartekjur -4,4% frá fyrra ári

Heildarfjöldi sjónvarpsáskrifta hefur ekki verið meiri undanfarin ár og stendur nú í um 68.000

- Þar af 407 m.kr. vegna Já sem varð hluti af samstæðunni á 4F 2023.
- Aukning í auglýsingasölu skýrist einkum af hækkun í auglýsingatekjum sjónvarps sem jukust um 40,8% á árinu. Tekjur í auglýsingasölu Vísis og í útvarpi jukust um 3,4% á árinu. Almennt voru tekjur af auglýsingasölu undir væntingum.
- Áskriftartekjur sjónvarps voru 106 m.kr. undir væntingum félagsins og lækkuðu um 4,4% frá fyrra ári. Skýrist m.a. af hægari fjölgun áskrifta en gert var ráð fyrir og tilfærslu áskrifta frá línulegu sjónvarpi yfir í streymisveitu Stöð 2+.

## Rekstarkostnaður
-9,1% m.kr. á 4F frá fyrra ári

- Rekstrarkostnaður dregst saman um 9,1% á fjórða ársfjórðungi sem er í takt við markmið félagsins um aukna skilvirkni.

# Virðisrýrnun á viðskiptavild

- Virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild Sýnar  leiddi í ljós **virðisrýrnun að fjárhæð 1.161 millj. kr.**
- **Helsta ástæða virðisrýrnunarinnar** er hækkun á vegnum fjármagnskostnaði (WACC), sem fór úr 11,8% árið 2023 í 12,8%. Hækkunin stafar fyrst og fremst af hækkun áhættuálags sem fylgir rekstri fjarskipta- og fjölmiðlageirans.
- Einnig kemur til áhrifa að félagið hefur lækkað áður útgefnar horfur í rekstri á árinu 2025.
- Niðurstaða virðisrýrnunarprófsins er í samræmi við góða reikningsskilavenju.
- **Virðisrýrnun hefur ekki áhrif á rekstrarhæfi félagsins til lengri tíma, sjóðstreymi eða lánaskilmála.**

# Rekstrarreikningur

| | 4F 2024 | 4F 2023 | % br. | 2024 | 2023 | % br. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur og þjónusta | 5.731 | 5.874 | -2,4% | 21.647 | 21.746 | -0,5% |
| Kostnaðarverð | -3.755 | -4.468 | -16,0% | -14.357 | -14.311 | 0,3% |
| **Framlegð** | **1.977** | **1.406** | 40,6% | **7.291** | **7.435** | -1,9% |
| Hagnaður af stofnnetssölu | | *2.436* | | | *2.436* | |
| Rekstrarkostnaður | -1.771 | -1.949 | -9,1% | -6.780 | -6.518 | 4,0% |
| Virðisrýrnun | -1.161 | | | -1.161 | | |
| **EBIT** | **-955** | **1.892** | -150,5% | **-650** | **3.353** | -119,4% |
| Hrein fjármagnsgjöld | -308 | -356 | -13,4% | -1.290 | -1.091 | 18,2% |
| Tekjuskattur | 68 | -281 | -124,3% | 261 | -283 | -192,2% |
| Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta* | 0 | 40 | -100,0% | 161 | 130 | 23,9% |
| **(Tap) hagnaður** | **-1.194** | **1.295** | -192,2% | **-1.518** | **2.109** | -172,0% |
| | | | | | | |
| ***EBIT**** | ***206*** | ***1.951*** | | ***739*** | ***3.544*** | |

**Rekstrarhagnaður (EBIT) án virðisrýrnunar og innifelur rekstrar- og söluhagnað af aflagðri starfsemi*

## Helstu þættir sem hafa áhrif á 2024:

- Tekjur dragast saman um 0,5% milli ára. Þar munar mestu um 576 m.kr. samdrátt í IoT tekjum milli ára. Þá dragast tekjur af áframhaldandi starfsemi Endor um 324 m.kr. milli ára. Tekjur af kjarnastarfsemi Sýnar (fjölmiðlun, gagnaflutningur og farsími) jukust um 4,4% .
- Kostnaðarverð nam 14.357 m.kr árið 2024 og hækkar um rúmlega 0,3% milli ára. Góð tök náðust á kostnaðarstýringu og er kostnaður í takt við markmið félagsins þrátt fyrir að stórir kostnaðarliðir innviða séu verðtryggðir.
- Rekstrarkostnaður nam 6.780 m.kr. Á árinu 2024 og hækkar um tæplega 4% á milli ára.. Eignfærður launakostnaður undir rekstrarkostnaði lækkaði jafnframt um 131 m.kr. milli ára.
- Rekstrarhagnaður (EBIT) án virðisrýrnunar nam 739 m.kr. á árinu sem innifelur rekstrar- og söluhagnað af aflagði starfsemi í samræmi við áætlanir. Tap eftir skatta á árinu án virðisrýrnunar nam 357 m.kr.
- Fjármagnskostnaður hefur aukist frá því í fyrra vegna meiri lántöku félagsins. Unnið er skipulega að því að minnka skuldir, og með lækkandi vöxtum má búast við að fjármagnskostnaður fari minnkandi á næstu misserum.

# Tekjustraumar

| | 4F 2024 | 4F 2023 | % br. | 2024 | 2023 | % br. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjölmiðlun | 2.474 | 2.520 | *-2%* | 9.574 | 9.134 | *5%* |
| Internet | 1.194 | 1.109 | *8%* | 4.686 | 4.405 | *6%* |
| Farsími* | 947 | 934 | *1%* | 3.856 | 3.808 | *1%* |
| IOT | 113 | 197 | *-42%* | 479 | 1.055 | *-55%* |
| Fastlína | 106 | 111 | *-5%* | 419 | 446 | *-6%* |
| Hýsingar- og rekstrarlausnir** | 187 | 395 | *-53%* | 484 | 808 | *-40%* |
| Vörusala | 296 | 359 | *-17%* | 1.096 | 1.236 | *-11%* |
| Aðrar tekjur | 413 | 249 | *66%* | 1.053 | 854 | *23%* |
| **Samtals tekjur** | **5.731** | **5.874** | ***-2%*** | **21.647** | **21.746** | ***0%*** |

**Farsímatekjur án IoT*

***án tekna af aflagðri starfsemi Endor*

## Fjölmiðlun

Auglýsingasala jókst um tæplega 10% á árinu og skýrist að mestu af vexti í auglýsingasölu í sjónvarpi sem jókst um rúmlega 40%. Tekjur af auglýsingasölu á Vísi og í útvarpi voru undir væntingum en jukust þó um rúmlega 3%. Tekjur af sjónvarpsáskriftum lækkuðu um rúmlega 4% á árinu.

## Internet

Tekjur af interneti jukust um tæplega 8% á fjórða ársfjórðungi. Fjöldaþróun í heimatengingum var jákvæð alla mánuði ársins og jukust tekjur af heimatengingum um tæplega 10% á árinu.

## Farsími

Farsímatekjur hækka um 1% á árinu. Tekjur af farsímaáskriftum og frelsi hækka um 7,5% á árinu en tekjur af samtengi lækka um 20%. Reikitekjur standa nánast í stað milli ára. Farsímatekjur af sendafélaginu lækka tæp 16% á milli ára.

## IoT

Tekjur af IoT hafa dregist saman um 55% á árinu, sem samsvarar 576 m.kr. Ákveðinn stöðuleiki hefur orðið á IoT tekjum á árinu  Mörg tækifæri til vaxtar enda IoT tæknin í stöðugri þróun.

## Hýsingar- og rekstrarlausnir

Neikvæður tekjuvöxtur skýrist af minni búnaðarsölu hjá Endor.

## Aðrar tekjur

Innifelur bótafjárhæð vegna bruna að upphæð 207 m.kr. á fjórða ársfjórðungi sem skýrir frávik milli ára.

# EBIT brú fyrir útgefnar horfur eftir 9M uppgjör



# EBIT brú 2023 / 2024



# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | 31/12/2024 | 31/12/2023 | % br. |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Leigueignir | 7.723 | 8.420 | *-8%* |
| Rekstrarfjármunir | 3.298 | 3.290 | *0%* |
| Viðskiptavild | 7.818 | 9.097 | *-14%* |
| Aðrar óefnislegar eignir | 5.252 | 4.976 | *6%* |
| Langtímaleigukröfur | 127 | 141 | *-10%* |
| Eignarhlutur í félögum | 85 | 174 | *-51%* |
| Tekjuskattsinneign | 71 | 0 | |
| **Samtals** | **24.374** | **26.098** | ***-7%*** |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Sýningarréttir | 2.427 | 2.008 | *21%* |
| Birgðir | 347 | 628 | *-45%* |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakr. | 3.639 | 5.576 | *-35%* |
| Handbært fé | 264 | 624 | *-58%* |
| **Samtals** | **6.676** | **8.837** | ***-24%*** |
| **Eignir samtals** | **31.050** | **34.935** | ***-11%*** |

## Skuldir og eigið fé

| | 31/12/2024 | 31/12/2023 | % br. |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé samtals** | **8.652** | **10.288** | ***-16%*** |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 4.126 | 4.461 | *-8%* |
| Leiguskuldbindingar | 11.615 | 11.964 | *-3%* |
| Tekjuskattsskuldbinding | 0 | 152 | *-100%* |
| **Samtals** | **15.741** | **16.577** | ***-5%*** |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 2.255 | 1.779 | *27%* |
| Leiguskuldbindingar | 642 | 1.016 | *-37%* |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímask. | 3.760 | 5.275 | *-29%* |
| **Samtals** | **6.657** | **8.069** | ***-17%*** |
| **Eigið fé og skuldir** | **31.050** | **34.935** | ***-11%*** |

| | | |
|---|---|---|
| *Vaxtaberandi skuldir* | *18.638* | *19.220* |
| *Hreinar vxt.ber. skuldir* | *18.373* | *18.596* |
| *Eiginfjárhlutfall* | *27,9%* | *29,4%* |

# Sjóðstreymi 2024





# Treystum grunninn

SÝN

# 2024 var ár breytinga

## Greiningar og áætlanagerð í fjármálum

## Umfangsmikil hagræðing og endurskipulagning

## Stefnumótun og ný framtíðarsýn

- Áhersla á samvinnu, skilvirkni og vöxt.
- Samþætting starfseminnar og einföldun reksturs - Aukin skilvirkni og lægri kostnaður
- Fjölbreytt vaxtartækifæri
- Ný framkvæmdastjórn í takt við nýja stefnu

# Skipurit Sýnar frá 1.11.2024

- **Forstjóri** – Herdís Dröfn Fjeldsted
  - **Lögfræði og regluvarsla** – Páll Ásgrímsson
  - **Fjármál** – Eðvald Ingi Gíslason
  - **Mannauður** – Valdís Arnórsdóttir
  - **Miðlar og efnisveitur** – Kristjana Thors Brynjólfsdóttir
  - **Upplifun viðskiptavina** – Guðmundur H. Björnsson
  - **Sala og þjónusta** – Gunnar Guðjónsson
  - **Innviðir** – Sigurbjörn Eiríksson
  - **Upplýsinga-tækni** – Gunnar Sigurjónsson



# Hvað er að frétta?

# Sýn í tölum

Miðlar Sýnar ná samanlagt til um **74%** **þjóðarinnar** á degi hverjum*

Bylgjan á **20 af 20** bestu klukkutímum í útvarpi þrjár vikur í röð*

Útvarpsstöðvar Sýnar áttu **50 af 50** bestu klukkutímum í útvarpi í viku 5*

Meðalstarfsaldur **7,8** ár

**Vísir** er einn af tveimur **mest lesnu** vefjum landsins

**48 5G** sendar fóru upp á árinu – Heildarfjöldi 180 í lok árs

**52 af 100** stærstu fyrirtækjum landsins eru í viðskiptum með fjarskipti

Aldrei fleiri í farsímaáskrift – **fjölgun um 5%** á milli ára

**3,5% aukning** í heimatengingum milli ára

**7% aukning** í fyrirtækjatengingum milli ára

Auglýsingasala í sjónvarpi jókst um **40,9%** á árinu

Tekjur af auglýsingum upp um **9,8%** á árinu

Óútskýrður launamunur mælist **0,7%** konum í vil samkvæmt jafnlaunaúttekt 2024

Um **100.000** kennitölur í viðskiptum með fjarskipti og sjónvarp

*Heimild: Fjölmiðlamæling Gallup

SÝN



# Framtíðarhorfur
## 2025

# Áætlun ársins

Áætlun ársins er framþung í kostnaði og afturþung í tekjum

- Innleiðing nýrra stefnu Sýnar
- Talsvert er um ytri kostnaðarverðshækkanir
- Einskiptiskostnaður vegna markaðssetningar og tækni tengt Enska boltanum.

Mikill munur verður því á fyrri og seinni árshelmingi 2025, þar sem félagið verður þá á góðri leið í átt að ásættanlegri arðsemi.



# Sýn í sókn

**Innleiðing nýrrar stefnu og verkefni tengd henni verða lykiláherslur á árinu 2025**

- Heildstæð ásýnd, einfaldað vöruframboð og skilaboð til viðskiptavina í takt við nýja stefnu Sýnar
- Frekari áherslur á skilvirkniverkefni til að lágmarka yfirbyggingu og lækkun rekstrarkostnaðar
- Áhersla á aðgerðir til að hámarka framlegð niður á starfsþætti
- Áframhaldandi áhersla á eflingu mannauðs og bætta upplifun viðskiptavina
- Sendafélagið - aukin samnýting innviða og frekari samrekstur og framsal virkra farnetseigna inn í Sendafélagið



# Enski boltinn snýr heim í haust

- Sýn hefur tryggt sér sýningarrétt að Ensku úrvalsdeildinni næstu þrjú tímabil.
    - Sýningar hefjast um miðjan ágúst.
    - 380 leikir fara fram á tímabilinu og verða allir sýndir á íþróttarásum Sýnar.
- Sýn er einnig með sýningarréttinn að öllum leikjum íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu og sýnir í opinni dagskrá.
- Sýn er þar að auki rétthafi að Meistaradeild Evrópu, Evrópudeildinni og Sambandsdeildinni.
- **Frá og með haustinu verður hægt að sjá allt vinsælasta íþróttaefni sem boðið er upp á íslensku sjónvarpi hjá Sýn.**

# Sýn í sókn - Spennandi tækifæri til vaxtar

Vaxtartækifæri á fyrirtækjamarkaði
Lausnáherslur í fjarskiptum og upplýsingatækni. Aukið vöruframboð fyrir fyrirtæki og starfsmenn þeirra og sérstök áhersla á fjölgun viðskiptavina á landsbyggðinni

Sókn á einstaklingsmarkaði
Enski boltinn kemur heim og í haust munu íslenskir neytendur geta nálgast allt vinsælasta íþróttaefni sem í boði er í íslensku sjónvarpi á einum stað. Dagskrárstefna endurskoðuð, einfaldara vöruframboð og miklir möguleikar í krosssölu

Breytingar í auglýsingasölu
Endurskoðun á sviðinu og nýtt fyrirkomulag innleitt með það að markmiði að efla nýtingu miðlanna og hámarka auglýsingatekjur

**Afkomuspá** fyrir árið 2025 gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður (EBIT) verði á bilinu 800 – 1.200 m.kr.



# Spurningar?

SÝN

# Fyrirvari á uppgjörskynningu

Upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem Sýn hf. telur áreiðanlegar á hverjum tíma. Ekki er þó ekki hægt að tryggja að fullu að þær séu óskeikular.

Allar upplýsingar í kynningu þessari eru í eigu Sýn hf. Kynningu þessa og upplýsingar sem í henni eru er óheimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt, hvorki að öllu leyti né að hluta.

Þessi kynning er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar. Sýn hf. er ekki á nokkurn hátt skylt að veita viðtakendum kynningarinnar frekari upplýsingar um félagið né gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef þær upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í kynningu þessari. Ytri þættir á borð við framboð á fjármagni, gildistaka laga, áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru geta því haft veruleg áhrif.

Sýn hf. mun ekki uppfæra framtíðarhorfur félagsins í kynningu þessari vegna aðstæðna sem munu til koma eftir að hún hefur verið sett fram. Sýn hf. bendir á að viðtakendur kynningar þessarar eiga ekki að treysta á staðhæfingar kynningarinnar á síðari tímum þar sem þær eiga eingöngu við á þeim degi sem kynningin er gefin út. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.

Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

SÝN